

AUGLÝSING

um samning við Holland um forréttindi og friðhelgi samstarfsfulltrúa hjá Evrópulögreglunni (Europol).

Með orðsendingaskiptum í Osló og Reykjavík hinn 16. apríl og 30. maí 2007 var gengið frá samningi milli lýðveldisins Íslands og Konungsríkisins Hollands um forréttindi og friðhelgi samstarfsfulltrúa hjá Evrópulögreglunni (Europol). Samningurinn öðlaðist gildi 1. febrúar 2009.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 7. desember 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR****MILLI LÝÐVELDISINS ÍSLANDS OG KONUNGRÍKISINS HOLLANDS
UM FORRÉTTINDI OG FRÍÐHELGI ÍSLENSKRA SAMSTARFSFULLTRÚA
HJÁ EVRÓPULÖGREGLUNNI (EUROPOL).***Orðsending frá Hollandi*

Oslo, 16 apríl 2007

Sendiráð Konungsríkis Hollands vottar utanríkisráðuneyti Lýðveldisins Íslands virðingu sína og veitist sá heiður, með vísan til samstarfssamningsins milli Lýðveldisins Íslands og Evrópsku lögreglu-skrifstofunnar frá 28. júní 2001 (hér á eftir nefndur „samningurinn“) og í ljósi 2. mgr. 41. gr. samningsins, sem byggður er á grein K.3 í sáttmálanum um Evrópusambandið, um stofnun Evrópskrar lögreglu-skrifstofu (Europol-samningsins frá 26. júlí 1995), að leggja til að þau sérréttindi og friðhelgi sem nauðsynleg eru til að tengifulltrúar hjá Evrópulögreglunni, sem um getur í 14. gr. og 3. viðauka við samninginn, geti sinnt verkefnum sínum á tilhlýðilegan hátt verði samþykkt eins og þau eru sett fram í viðhengi.

Fallist utanríkisráðuneyti Lýðveldisins Íslands á þessa tillögu leggur sendiráðið til að þessi orðsending og svarorðsending utanríkisráðuneytisins til staðfestingar skuli teljast samningur milli Konungsríkis Hollands og Lýðveldisins Íslands, sem beitt skal til bráðabirgða frá og með þeim degi þegar svarorðsending til staðfestingar berst sendiráðinu og sem öðlast skal gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir þann dag þegar Konungsríki Hollands og Lýðveldið Íslands hafa tilkynnt hvert öðru að öll formsatriði sem krafist er vegna gildistökkunnar hafi verið uppfyllt.

Sendiráðið notar þetta tækifæri til þess að votta ráðuneytinu enn á ný fyllstu virðingu sína.

Orðsending frá Íslandi

Reykjavík 30, maí 2007

Utanríkisráðuneyti Íslands vottar sendiráði Konungsríkis Hollands virðingu sína og veitist sá heiður að staðfesta móttöku svohljóðandi orðsendingar nr. 076/07 frá 16. apríl 2007:

Utanríkisráðuneytinu veitist sá heiður að tilkynna sendiráðinu að ríkisstjórn Lýðveldisins Íslands fellst á efni fyrrgreindrar orðsendingar og að orðsending sendiráðsins og orðsending þessi, sem tjáir samþykki ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands, skuli teljast samningur milli Konungsríkis Hollands og Lýðveldisins Íslands, sem beitt skal til bráðabirgða frá og með þeim degi þegar þessi svarorðsending til staðfestingar berst sendiráðinu og sem öðlast skal gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir þann dag þegar Konungsríki Hollands og Lýðveldið Íslands hafa tilkynnt hvort öðru að öll formsatriði sem krafist er vegna gildistökkunnar hafi verið uppfyllt.

Utanríkisráðuneyti Íslands notar þetta tækifæri til þess að votta sendiráði Konungsríkis Hollands enn á ný fyllstu virðingu sína.

Viðhengi

1. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

- a) „Samstarfsfulltrúi“ merkir hvern þann opinberan starfsmann sem hefur starfsstöð hjá Evrópulögreglunni (Europol) skv. 14. gr. samningsins.
- b) „Stjórnvöld“ merkir stjórnvöld í Konungsríkinu Hollandi.
- c) „Yfirvöld gistiríkis“ merkir þau yfirvöld ríkis og sveitarfélaga eða önnur yfirvöld í Konungsríkinu Hollandi sem við eiga á grundvelli og í samræmi við lög og venjur sem gilda í Konungsríkinu Hollandi.
- d) „Sendiríki“ merkir Lýðveldið Ísland.

- e) „Skjalasafn samstarfsfulltrúa“ merkir allar skýrslur, bréf, skjöl, handrit, tölvu- og fjölmiðlagögn, ljósmyndir, filmur, myndbönd og hljóðupptökur, sem tilheyra eða eru í vörslu samstarfsfulltrúans, ásamt öllu öðru álíka efni sem að samhljóða álitu sendiríkisins og stjórnvalda mynda hluta af skjalasafni samstarfsfulltrúans.

2. gr.

Forréttindi og friðhelgi.

1. Samkvæmt ákvæðum samnings þessa skal samstarfsfulltrúi, ásamt þeim meðlimum fjölskyldu hans sem eru til heimilis hjá honum og hafa ekki hollenskt ríkisfang, njóta sömu forréttinda og friðhelgi og stjórnarsendimenn samkvæmt Vínarsamningnum um stjórn málasamband frá 18. apríl 1961.
2. Friðhelgi, sem er veitt þeim mönnum er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal ekki ná til:
 - i. skaðabótamáls, sem þriðji aðili kann að höfða, meðal annars vegna líkamstjóns eða dauða, í kjölfar umferðarslyss sem einhver fyrrnefndra manna er valdur að, eða
 - ii. refsiréttarlögsögu og einkamálalögsögu yfir háttsemi sem er viðhöfð utan opinberra skyldustarfa þeirra.
3. Skyldur sendiríkis og starfsmanna þess, sem gilda samkvæmt Vínarsamningnum um stjórnarsendimenn, skulu og gilda um þá menn er um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Koma, dvöl og brottför.

1. Stjórnvöld skulu auðvelda, ef nauðsyn krefur, komu, dvöl og brottför samstarfsfulltrúa og þeirra meðlima fjölskyldu hans sem eru til heimilis hjá honum.
2. Ákvæði þessarar greinar útilokar ekki að gerð sé krafa um afhendingu viðeigandi sönnunargagna til að unnt sé að staðfesta að menn, sem fara fram á þá meðferð sem kveðið er á um í þessari grein, falli í þá flokka sem er lýst í 1. mgr. þessarar greinar.
3. Veita ber vegabréfsáritanir, sem kann að verða krafist af mönnum er um getur í þessari grein, endurgjaldslaust og með eins skjótum hætti og aðstæður leyfa.

4. gr.

Atvinnumál.

Þeir fjölskyldumeðlimir sem eru til heimilis hjá samstarfsfulltrúa og eru ekki með öðrum hætti undanþegnir, að þjóðarétti, þeirri skyldu að sækja um atvinnuleyfi skulu undanþegnir þeirri skyldu að sækja um atvinnuleyfi fyrir þann tíma sem samstarfsfulltrúinn gegnir tímabundið störfum sem slíkur.

5. gr.

Friðhelgi skjalasafns.

Skjalasafn samstarfsfulltrúa skal njóta friðhelgi, hvar sem það er staðsett og óháð því hver varðveitir það.

6. gr.

Vernd einstaklinga.

Yfirvöld gistiríkisins skulu, komi fram beiðni þar um frá sendiríkinu, gera allar viðeigandi ráðstafanir í samræmi við landslög þess til að tryggja megi nauðsynlegt öryggi og vernd samstarfsfulltrúans og þeirra meðlima fjölskyldu hans sem eru til heimilis hjá honum, sé öryggi þeirra ógnað vegna starfa samstarfsfulltrúans hjá Evrópulögreglunni.

7. gr.

Aðstaða og friðhelgi í tengslum við samskipti.

1. Stjórnvöld skulu heimila samstarfsfulltrúa að eiga frjáls samskipti, án þess að til þess þurfi að koma sérstakt leyfi, í hvaða opinberum tilgangi sem er og vernda rétt samstarfsfulltrúans til þess. Samstarfsfulltrúinn á rétt á að nota dulmálslykla og senda og taka við opinberum bréfum og öðrum opinberum orðsendingum með boðberum eða í innsigliðum sekkjum sem um gilda sömu forréttindi og friðhelgi og um stjórnarpóstbera og stjórnarpóst.

2. Samstarfsfulltrúinn skal, að því marki sem kann að samræmast Alþjóðafjarskiptasamningnum frá 6. nóvember 1982 og vegna opinberra samskipta sinna, ekki hljóta óhagstæðari meðferð en Konungsríkið Holland veitir alþjóðastofnunum eða ríkisstjórnnum að því er varðar forgang vegna samskipta með pósti, um kapal, með ritsíma eða fjarrita, í gegnum útvarp, sjónvarp, síma, bréfasíma eða gervihnött eða eftir öðrum leiðum.

8. gr.

Tilkynningar.

1. Sendiríkið skal tilkynna stjórnvöldum tafarlaust nafn samstarfsfulltrúans, um komu hans og endanlega brottför eða um lok þess tímabils sem samstarfsfulltrúinn gegnir tímabundið störfum; ennfremur um komu og endanlega brottför þeirra meðlima fjölskyldu hans sem eru til heimilis hjá honum og, eftir því sem við á, um það þegar maður er ekki lengur til heimilis hjá honum.
2. Stjórnvöld skulu gefa út auðkenniskort til handa samskiptafulltrúanum og þeim meðlimum fjölskyldu hans sem eru til heimilis hjá honum með ljósmynd af korthafa. Kortið ber að nota til að bera kennsl á korthafa þegar hann á samskipti við yfirvöld í gistiríkinu.

9. gr.

Lausn deilumála.

1. Komi upp deila milli sendiríkis og stjórnvalda um túlkun eða framkvæmd samnings þessa, eða álitamál er varðar samskiptafulltrúann eða tengsl sendiríkisins og stjórnvalda, sem ekki reynist unnt að leysa í vinsemd, skal málið lagt í gerð, að beiðni sendiríkisins eða stjórnvalda, þar sem þrír gerðarmenn úrskurða endanlega í málinu. Skal hvor aðili skipa einn gerðarmann. Þriðji gerðarmaðurinn, sem skal sitja í forsæti, skal valinn af hinum tveimur.
2. Skipi annar aðilinn ekki gerðarmann, innan tveggja mánaða frá því að beiðni berst frá gagn-aðilanum þar um, getur síðarnefndi aðilinn farið þess á leit við forseta Dómstóls Evrópubandalaganna, eða varaforseta í fjarveru forseta, að hann annist skipunina.
3. Geti fyrstu gerðarmennirnir tveir ekki komist að samkomulagi um val þess þriðja, innan tveggja mánaða frá skipun þeirra, getur hvor aðili farið þess á leit við forseta Dómstóls Evrópubandalaganna að hann annist skipunina.
4. Gerðardómurinn skal sjálfur setja sér málsmeðferðarreglur, nema aðilar séu ásáttir um annað.
5. Í gerðardómi ræður meirihluti atkvæða. Atkvæði forseta gerðardómsins ræður úrslitum. Niðurstaða gerðardómsins er endanleg og bindandi fyrir deiluaðila.

10. gr.

Gildissvæði.

Samningur þessi gildir, að því er varðar Konungsríkið Holland, aðeins um Evrópuhluta þess.

**Agreement between
the Republic of Iceland and the Kingdom of the Netherlands
on the Privileges and Immunities for Liaison Officers at the Europol**

Note from the Netherlands

Oslo, 16 april 2007

No. 076/07

The Embassy of the Kingdom of the Netherlands presents its compliments to the Ministry of Foreign Affairs of the Republic of Iceland and has the honour to propose, with reference to the Co-operation Agreement between the Republic of Iceland and the European Police Office of 28 June 2001 (hereinafter “the Agreement”), and in view of Article 41, paragraph 2 of the Convention based on Article K.3 of the Treaty on European Union, on the establishment of a European Police Office (Europol Convention, 26 July 1995), that the privileges and immunities necessary for the proper performance of the tasks of the liaison officers at Europol referred to in Article 14 and Annex 3 of the Agreement, be agreed upon as set out in the Attachment.

If this proposal is acceptable to the Ministry of Foreign Affairs of the Republic of Iceland, the Embassy proposes that this note and the affirmative note of the Ministry of Foreign Affairs shall constitute an Agreement between the Kingdom of the Netherlands and the Republic of Iceland, which shall be applied provisionally from the day on which this affirmative note has been received by the Embassy, and which shall enter into force on the first day of the second month following the date on which the Kingdom of the Netherlands and the Republic of Iceland have informed each other that the formalities required for the entry into force have been complied with.

The Embassy avails itself of this opportunity to renew to the Ministry the assurances of its highest consideration.

Note from Iceland

Reykjavík 30, maí 2007

Tilv.: UTN0704010183/87-C.150

The Ministry for Foreign Affairs of Iceland presents its compliments to the Embassy of the Kingdom of the Netherlands, and has the honour to confirm receipt of Note no. 076/07 of 16 april 2007 which reads as follows:

The Ministry for Foreign Affairs has the honour to inform the Embassy that the Government of the Republic of Iceland agrees to the contents of the above-mentioned Note, and that the Embassy's Note and this Note expressing the agreement of the Government of the Republic of Iceland shall constitute an Agreement between the Kingdom of the Netherlands and the Republic of Iceland, which shall be applied provisionally from the day on which this affirmative note has been received by the Embassy, and which shall enter into force on the first day of the second month following the date on which the Kingdom of the Netherlands and the Republic of Iceland have informed each other that the formalities required for the entry into force have been complied with.

Attachment

1.

Definitions

In this Agreement:

- a) “Liaison officer” means: any official stationed at Europol in accordance with Article 14 of the Agreement;
- b) “Government” means the Government of the Kingdom of the Netherlands;

- c) “Host State authorities” means such State, municipal or other authorities of the Kingdom of the Netherlands as may be appropriate in the context of and in accordance with the laws and customs applicable in the Kingdom of the Netherlands;
- d) “Sending State” means the Republic of Iceland;
- e) “Archives of the liaison officer” means all records, correspondence, documents, manuscripts, computer and media data, photographs, films, video and sound recordings belonging to or held by the liaison officer, and any other similar material which in the unanimous opinion of the Sending State and the Government forms part of the archives of the liaison officer.

2.

Privileges and Immunities

1. Subject to the provisions of this Agreement, the liaison officer and members of his family who form part of his household and do not possess Dutch nationality, shall enjoy in and vis-à-vis the Kingdom of the Netherlands the same privileges and immunities as are conferred on members of the diplomatic staff by the Vienna Convention on Diplomatic Relations of 18 April 1961.
2. The immunity granted to persons mentioned in paragraph 1 of this Article shall not extend to either:
 - i. civil action by a third party for damages, including personal injury or death, arising from a traffic accident caused by any such person; or
 - ii. criminal and civil jurisdiction over acts performed outside the course of their official duties.
3. The obligations of Sending States and their personnel that apply under the Vienna Convention to members of the diplomatic staff, shall apply to the persons referred to in paragraph 1 of this Article.

3.

Entry, Stay and Departure

1. The Government shall facilitate, if necessary, the entry, stay and departure of the liaison officer and members of his family forming part of the household.
2. This Article shall not prevent the requirement of reasonable evidence to establish that persons claiming the treatment provided for under this Article come within the classes described in paragraph 1 of this Article.
3. Visas which may be required by persons referred to in this Article shall be granted without charge and as promptly as possible.

4.

Employment

Members of the family forming part of the household of the liaison officer not otherwise exempted from the obligation to obtain working permits on the basis of international law, shall be exempt from the obligation to obtain working permits for the duration of the secondment of the liaison officer.

5.

Inviolability of Archives

The archives of the liaison officer wherever located and by whomsoever held shall be inviolable.

6.

Personal Protection

The Host State authorities shall, if so requested by the Sending State, take all reasonable steps in accordance with their national laws to ensure the necessary safety and protection of the liaison officer, as well as members of his family who form part of his household, whose security is endangered due to the performance of the tasks of the liaison officer at Europol.

7.

Facilities and Immunities in respect of Communication

1. The Government shall permit the liaison officer to communicate freely and without a need for special permission, for all official purposes, and shall protect the right of the liaison officer to do so. The liaison officer shall have the right to use codes and to dispatch and receive official correspondence and other official communications by courier or in sealed bags which shall be subject to the same privileges and immunities as diplomatic couriers and bags.
2. The liaison officer shall, as far as may be compatible with the International Telecommunications Convention of 6 November 1982, for his official communications enjoy treatment not less favourable than that accorded by the Kingdom of the Netherlands to any international organisation or government, in the matter of priorities for communication by mail, cable, telegraph, telex, radio, television, telephone, fax, satellite, or other means.

8.

Notification

1. The Sending State shall promptly notify the Government of the name of the liaison officer, his arrival and his final departure or the termination of his secondment as well as the arrival and final departure of the members of the family forming part of the household and, where appropriate, the fact that a person has ceased to form part of the household.
2. The Government shall issue to the liaison officer and members of his family forming part of the household, an identification card bearing the photograph of the holder. This card shall serve to identify the holder in relation to all Host State authorities.

9.

Settlement of Disputes

1. Any dispute between the Sending State and the Government concerning the interpretation or application of this Agreement, or any question affecting the liaison officer or the relationship between the Sending State and the Government which is not settled amicably, shall be referred for final decision to a tribunal of three arbitrators, at the request of the Sending State or the Government. Each party shall appoint one arbitrator. The third, who shall be chairman of the tribunal, is to be chosen by the first two arbitrators.
2. If one of the parties fails to appoint an arbitrator within two months following a request from the other party to make such an appointment, the other party may request the President of the Court of Justice of the European Communities or in his absence the Vice-President, to make such an appointment.
3. Should the first two arbitrators fail to agree upon the third within two months following their appointment, either party may request the President of the Court of Justice of the European Communities, or in his absence the Vice-President, to make such appointment.
4. Unless the parties agree otherwise, the tribunal shall determine its own procedure.
5. The tribunal shall reach its decision by a majority of votes. The Chairman shall have a casting vote. The decision shall be final and binding on the Parties to the dispute.

10.

Territorial Scope

With respect to the Kingdom of the Netherlands, this Agreement shall apply to the part of the Kingdom in Europe only.